

Því dæmist rjett vera:

Stefnanda Erasmusi Gíslasyni greiðist úr lands-  
sjóði 300 kr. í skaðabætur og 40 kr. í máls-  
kostnað.

Stefnandi greiði 50 kr. sekt, helminginn í lands-  
sjóð og helminginn í bæjarsjóð Reykjavíkur og  
lúkist sektin áður en liðnar sju 8 vikur frá lög-  
legri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 13. ágúst 1917.

44/1917:

Einar Ágúst Einarsson  
gegn  
Guðmundi Sigurðssyni.

D ó m u r :

Með kaupsamningi dags. 10. jan. 1916, og afsals-  
brjefi útgefnu 30. s. m., seldi Guðmundur bóndi Mag-  
nússon áfrýjanda Einari Ágúst Einarssyni jörðina  
Elliðakot í Mosfellssveit, 20,9 hndr. að dýrleika, með  
öllum húsum, mannvirkjum, gögnum og gæðum og  
með nákvæmlega tilgreindum landamerkjum. En er  
áfrýjandi fór að notfæra sjer hina keyptu eign sína,  
kom það á daginn, að áðurnefndur Guðmundur Mag-  
nússon hafði áður, hinn 14. marz 1911, gjört kaup-  
samning við stefnda, Guðmund bónda Sigurðsson og  
selt honum landsspildu nokkra, Miðmundamýri ásamt

Miðmundahólum og Klofningum, sem áfrýjandi telur að hafi legið undir Elliðakot og verið innan áður-  
nefndra landamerkja jarðar þessarar, og segir áfrýj-  
andi að sjer hafi verið algjörlega ókunnugt um þessa  
sölu, er hann keypti Elliðakotið, enda er kaupsam-  
ningur stefnda eigi þinglesinn, og eigi innritaður fyrir-  
fram í veðmálabækurnar fyrr en 15. nóvbr. 1916.  
Með því nú að stefndi gjörði tilkall til áðurnefndrar  
landspildu samkvæmt kaupsamningi sínum, höfðaði  
áfrýjandi mál fyrir aukarjetti Kjósar- og Gullbringu-  
sýslu gegn hinum stefnda, og krafðist þess þar að  
viðurkendur yrði með dómi eignarrjettur hans að öllu  
landi því »sem fylgja ber jörðinni Elliðakoti í Mos-  
fellssveit samkvæmt þinglýstum landamerkjum, sem  
greind eru í landamerkjaskrá, er þinglýst er 4. júní  
1890 að undanskildum hálfum nátthagnum hólmun-  
um og stíflugarðinum«. Hinsvegar krafðist stefndi  
þess þá, að málinu yrði vísað frá aukarjettinum aðal-  
lega af því, að það eftir eðli sínu bæri undir landa-  
merkjadóm og til vara af því, að eigi væri unt að  
átta sig á því, með því að eigi væri framlagður af-  
stöðuuppdráttur, er sýni hina umdeildu landspildu.  
Aukarjetturinn lagði dóm á málið 17. apríl þ. á. á  
þá leið, að málinu var vísað frá aukarjettinum, og  
málkostnaður látinn falla niður, og er frávisunin  
aðallega rökstudd með því, að málið sje landamerkja-  
mál og beri undir landamerkjadóm. Þessum auka-  
rjettardómi hefir nú Einar Ágúst Einarsson skotið til  
yfirdómsins með stefnu útgefinni 30. maí þ. á., og  
krafist þess að dómurinn verði ónýttur og úr gildi  
feldur og málinu vísað heim til nýrar meðferðar og

dómsálagningar í hjeraði, samkvæmt kröfu áfrýjanda þar; ennfremur krefst hann málskostnaðar fyrir báðum rjettum. Hinsvegar krefst stefndi þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati rjettarins.

Eins og tekið hefir verið fram, er það krafa áfrýjanda í málinu, með skírskotun til kaupsamningsins 10. jan. 1916 og afsalsbrjefsins 30. s. m., að viðurkendur verði með dómi eignarrjettur hans að öllu því landi, sem fylgja á jörðinni Elliðakoti samkvæmt landamerkjaskrá jarðarinnar, þinglesinni 4. júní 1890, en innan þessara landamerkja telur hann liggja landspildu þá, sem um ræðir í kaupsamningnum til stefnda frá 14. marz 1911. En þetta vefengir stefndi. Hann heldur því fram, að landamerki Elliðakots samkvæmt hinni þinglesnu landamerkjaskrá sjeu mjög vafasöm, og ágreiningur um þar nefnd örnefni, og hann vefengir að landamerkjalýsing sú, sem tekin er upp í kaupsamninginn 10. jan. 1916, komi heim við merkin í hinni þinglesnu merkjaskrá jarðarinnar. Vegna þessarar óvissu á landamerkjunum sje ómögulegt að átta sig á hvaða land eða landspilda það er, sem áfrýjandi gjörir kröfu til. Þetta hefði því að eins verið mögulegt, ef áfrýjandi hefði lagt fram uppdrátt af landinu, sem sýni öll örnefni og merkjalínur, sem nefndar eru í hinni þinglesnu merkjaskrá og í kaupsamningnum 10. jan. 1916. Þá fyrst sjáist hvað á milli ber. Þar sem nú áfrýjandi hafi neitað að leggja fram slíkan uppdrátt beri að vísa málinu frá dómi.

Í hinni þinglesnu landamerkjaskrá Elliðakots er landamerkjum jarðarinnar lýst á einn veg; í kaup-

samningnum 10. jan. 1916, sem að visu vísar til umræddrar merkjaskrár, er tekin upp nákvæm lýsing á landamerkjum jarðarinnar, og er sú merkjalýsing að því er virðist töluvert á annan veg en í landamerkjaskránni; í kaupsamningnum til stefnda 14. marz 1911 er merkjum landspildu þeirrar, er þar ræðir um, lýst á enn annan veg. Þar sem nú enginn afstöðuuppdráttur af landinu með tilgreindum hinum ýmsu örnefnum og landamerkjalinum, hefir verið lagður fram í málinu, verður ekkert um það vitað hvort land það, er ræðir um í kaupsamningnum til stefnda 14. marz 1911, liggur innan óátalinna landamerkja Elliðakots, hvort sem þau verða talin samkvæmt merkjaskrá jarðarinnar þinglesinni 4. júní 1890 eða samkvæmt merkjum þeim, sem talin eru í kaupsamningnum 10. jan. 1916.

Eftir því sem málið liggur fyrir og kröfum áfrýjanda er háttað, verður að visu ekkert um það dæmt hvort mál þetta heyrir undir landamerkjadóm, svo sem stefndi heldur fram, en þar sem afstöðuuppdráttvantar, getur yfirdómurinn ekki sjeð hvaða landspilda það er, sem áfrýjandi gjörir kröfu til og á hverju hann byggir kröfur sínar, og verður því ekki komist hjá að vísa máli þessu frá dómstólunum sökum ófullnægjandi málsútlitunar. Ber af þessari ástæðu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, og þykir rjett að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi er ákveðst 30 kr., en málskostnaður fyrir undirrjetti fellur niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandinn Einar Ágúst Einarsson greiði stefnda Guðmundi Sigurðssyni 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, og lúkist upphæðin áður liðnar sju 8 vikur frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn 3. september 1917.

59/1917

Rjettvísir

gegn

Friðþjófi R. Þórarinssyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Seyðisfjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 20. apríl þ. á., var hinn ákærði, unglingspiltur Friðþjófur Reykjalin Þórarinsson, dæmdur samkvæmt alm. hegningarlögum 25. júní 1869, 200. gr., fyrir að hafa orðið mannsbani af gáleysi til að sæta hálfsmánaðar einföldu fangelsi, og til að greiða allan sakarkostnaðinn.

Dómurinn ákvað ennfremur að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og hún falla niður eftir 5 ár samkvæmt lögum nr. 39, 16. nóvbr. 1907, ef dómfeldi eigi á þeim tíma sætir ákæru í opinberu máli